



## 1588. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
26.8.2015, kl. 11:30

Frímann Ari Ferdinandsson

### 1. Fundargerð 1587. fundar

Samþykkt.

### 2. Reykjavíkumaraþon

Svava Oddný og Anna Lilja komu inn á fundinn, fóru yfir framkvæmdina og helstu tölur. Rúmlega 15 þúsund þátttakendur, 53% konur og 47% karlar. Um 21% þátttakenda (3.142) voru útlendingar og komu flestir frá Bandaríkjunum (770) og Bretlandi (651). Þátttökumet voru slegin í maraþoni (1.262) og og boðhlaupi (40 lið). Tæplega 80 milljónir söfnuðust í áheitasöfnunni (metið ~86 milljónir 2014).

Einnig fjallað um Powerade mótaröðina og athugasemdir sem hafa verið gerðar við endanleg úrslit hennar. Athugasemdirnar koma til vegna stigagjafar fyrir ÍR hlaupið, eitt af fimm hlaupum mótaráðarinnar. Rætt um mikilvægi þess að viðeigandi lögum og reglum sé fylgt eftir varðandi kærumál.

Niðurstaðan að ÍBR/RM hefur ekki forsendur til að skera úr um úrslit hlaupa sem aðrir halda í Powerade mótaröðinn. Aðilum verði bent á að snúa sér til þeirra sem hafa umboð til að skera úr um úrslit í umræddu hlaupi.

### 3. Felix

Óskar Guðbrandsson kom inn á fundinn og kynnti endurbætur á Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Megináherslan að einfalda og aðlaga kerfið betur að þörfum mismunandi notenda m.a. með því að skipta grunninum upp. Undirbúningur forritunar er hafinn og stefnan að næstu skil starfsskýrsla verði í endurbættum Felix. Í umræðum var m.a. bent á að það væri mikill kostur ef gildandi lög félaga væru aðgengileg í kerfinu.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 13:00.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari